



Dú ert hér: Forsíða / Fréttir / Fyrstu naut úr 2009 árgangi til notkunar sem reynd naut

Leita

## Nýjustu fréttir

## Frétt

Þrjú ný reynd naut til notkunar

Sandur 07014 er undan  
Hræsingi 98046

Leiðrétting á ætterni Skjás  
10090 og Hróks 15023

Leiðrétt faðemi Orms 17003

Síðustu fjögur nautin úr  
árgangi 2017

Dýralæknir óskast til starfa

Nautastöðin keypti 53 kálfa  
fædda 2018

Synir Úranusar 10081

Viðurkenningar fyrir bestu  
nautin fædd 2011 og 2012  
afhent

Braut 112 á Tjörn á Skaga  
hefur rofið 100 tonna múrinn

## Fyrstu naut úr 2009 árgangi til notkunar sem reynd naut

27/11/2014

Fagræð í nautgripærækt fundaði í gær og ákvað að setja tvö ný naut í notkun sem reynd naut úr 2009 árgangi. Þetta eru þeir Kraki 09002 frá Egilsstaðakoti í Flóa undan Þolli 99008, móðurfaðir Soldán 95010, og Bolti 09021 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi undan Spotta 01028, móðurfaðir Snotri 01027. Þetta eru fyrstu nautin sem koma til notkunar sem reynd naut úr þessum nautaárgangi.

Ákveðið var að gera ekki aðrar breytingar á dreifingu reyndra nauta en þau hafa í meginatriðum staðið við fyrri dóm og ekki orðið það miklar breytingar á mati þeirra að ástæða sé til að taka eitthvert þeirra úr notkun. Úr 2008 árgangnum eru öll þau naut sem áhugaverð eru til framhaldsnotkunar nú þegar komin í notkun. Ekkert þeirra nauta sem ekki voru kominn með nægan dætrafjölda við keyrslu kynbótamats í júní s.l. slær þeim nautum sem þegar voru komin í notkun við. Má segja að afkvæmadómi árgangsins sé lokið.

Töluvert er farið að ganga á sæðisbirgðir úr ákveðnum nautum en þau verða í notkun svo lengi sem sæði er til úr þeim. Þetta á við um Hjarða 06029, Sand 07014, Húna 07041, Lög 07047, Laufás 08003 og Klett 08030.



PDF af þessari síðu

 **Líkar þetta** Nýskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.

